

## AUGLÝSING

### **um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hvamms, land stéttarfélagsins Eflingar, Skorradalshreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. apríl 2003 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hvamms, land stéttarfélagsins Eflingar, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi deiliskipulagi frá 23. ágúst 1995 og með gildistöku þess fellur eldra deiliskipulag fyrir sama svæði úr gildi. Deiliskipulagið nær til 14 ha lands og gert er ráð fyrir 9 frístundalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 9. júlí 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.